



Íslenska Pílukestambandið

Fundargerð	
Yfirskrift / Efni:	Framhalds-Aðalfundur ÍPS
Staðsetning:	Tangarhöfða 2 - PFR
Hvenær:	26.1.2023 – 19:00
Þátttakendur:	13 manns, þar af 3 stjórnarmeðlimir
Boðuð Forföll:	Helgi Pjetur, Matthías Örn, Brynja Herborg.
Fjarverandi:	
Fundarritari:	Magnús Gunnlaugsson

Setning Fundar

Fundur var settur kl 19:00

Mættir voru 10 fundargestir ásamt eftirfarandi stjórnarmönnum

Ásgrímur Harðarson (ÁH) – Varaformaður

Magnús Gunnlaugsson (MG) – Ritari

Sigurður Aðalsteinsson (SG) – Gjaldkeri

- Ásgrímur Harðarson bauð sig fram til fundarstjórnar og var það samþykkt.
- Magnús Gunnlaugsson bauð sig fram sem fundarritara og var það samþykkt.
- Fundinum átti að vera streymt á vefnum en þar sem tækjabúnað skorti varð ekkert úr því. Stjórn biðst velvirðingar á því.

Fyrsta mál – Kosning til Formanns, Varaformanns og Gjaldkera.

- Enginn framboð bárust fyrir framboðsfrest og var því fundargestum boðið að bjóða sig fram til embættis.
- Engin bauð sig fram í nein embætti þó fundargestir væru hvattir til þess að stíga upp. Gjaldkeri sagðist geta haldið um veskið þar til arftaki fyndist.
- MG þykir furðulegt að enginn vill leiða eina mest vaxandi íþrótt á eftir mögulega rafíþróttum. Pílukest fengið mikla athygli í fjölmiðlum.



Íslenska Pílukestsambandið

Önnur mál:

- Umræður og gagnrýni á störf fyrri stjórnar.
 - Rætt var um fjármál ÍPS og hvernig staðið hafði verið að þeim.
 - SG, gjaldkeri, gerði grein fyrir þeim málum gagnvart spýrlum.
- Rætt var um hinar ýmsu nefndir sem starfa innan ÍPS og hvort ekki mætti virkja þær betur til þess að létta undir með stjórn, þá sérstaklega þegar kemur að undirbúning móta.
- Opnað á umræðu um mótamál.
 - Tími til að endurvekja stigalistann?
 - Skiptar skoðanir á því og ekki víst að hann sé best til þess fallin að velja í landslið.
 - Hvernig skal útfæra slíkan lista? Vitað að Kristján, landsliðspjálfari hefur haldið utan um sinn eigin.
 - *Novis Mótin.*
 - Af hverju núllast meðtal ef þáttakendur missa af tveimur mótum í röð? Virkar einsog „forgjafarsvindl“
 - Veldur því að betri leikmenn endi í deild sem þeir eiga ekkert erindi í.
 - Rætt um að fjórar efstu deildir notist ekki við meðaltal og geti því einungis tveir fallið og tveir unnið sig upp í hverri deild.
 - Varðandi fjölda nýskráninga:
 - Séu þáttakendur að skrá sig í fyrsta sinn geti þeir skráð sitt meðaltal til að auðvelda niðurröðun í deildir.
 - Kalla eftir meðaltali úr félagsmótum viðkomandi.
 - Þæling hvort stjórn sendi aðildarfélögum póst um og upplýsi nánar um stöðu stjórnarmála. Hvernig er best að leysa fráfarandi stjórnarmeðlimi undan skyldum sínum.
 - Fundið slitið kl 20:02